

Reykjavík 16. Apríl 2012

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/1729
komudagur 16.4.2012

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála, (stjórnsýsla og aukið öryggi ferðamanna), 623. mál..

Okkar umsögn er vegna tryggingaskyldu alferða (grein 9). Ferða og viðburðargerinn er byggður uppá margskonar fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem skipuleggja ferðir og viðburði bæði innanlands sem og utan. Lög um tryggingaskilda veltu á alferður henta vel klassískum innlendum ferðafyrirtækjum sem eru með jafna og vel skilgreinda ársveltu eða ferðaskrifstofum sem senda gesti erlendis og versla beint við byrja.

Í hvataferða og viðburðageiranum er þetta fyrirkomulag nokkuð öðruvísi, bæði fyrir viðskiptavininn sem og ferða eða viðburðafyrirtækið.

Skv V. kafli um tryggingarskyldu vegna alferða er boðið uppá nokkra mögulega við ákvörðun tryggingarfjárhæðar. Skv 17. gr. er uphæð eða fjárhæð tryggingarinnar skv 14. gr. ákvörðuð samkvæmt einum eftirfarandi liða og skal sú niðurstaða gilda sem gefur hæðsta tryggingu:

- 60% af veltu tveggja söluhæðstu mánaðanna í röð,
- 35% af veltu fjögurra söluhæðstu mánaðanna í röð eða
- 15% af heildarveltu á ári.

Þótt þetta fyrirkomulag sé alveg ágætt eins og fyrr sagði, fyrir „klassísk“ ferðafyrirtæki þá hefur það í för með sér tvennskona vankosti fyrir hvataferða og viðburðageiranum sem vert er að skoða.

Hvataferða og viðburðageirinn er í eðli sínu mjög sveiflukenndur og verkefni og hvataferðir eru í mjög mörgum verð- og stærðarflokkum. Einsök verkefni geta verið stærri en sem nemur ársveltu fyrirtækisins árinu áður eða jafnvel margföld meðalmánaðavelta.

Með núverandi fyrirkomulagi sem getið var hér að ofan má með réttu segja að viðkomandi verkefni, hvataferð eða viðburður sem er að fara nokkuð eða langt yfir viðkomandi tryggingarskilda upphæða, sé illa eða svo til ótryggður fari allt á vesta veg. Það er þá helst vegna þess að tryggingaskild upphæð miðast við árið áður og getur þá verið í litlu samræmi við stærð og umfang ferðar eða viðburðar.

Tryggingarupphæðin miðast við a, b eða c lið 17. greinar og eru því ferðir og viðburðir þar sem veltan og stærð fer mikið umfram viðkomandi tryggingarupphæð strangt tiltekið að stórum hluta ótryggð á meðan ferðin eða viðburður stendur yfir. Þetta er alskostar ekki gott vert er að finna fyrirkomulag sem tryggir viðkomandi gesti eins og lög um tryggingaskilda veltur gera ráð fyrir. Það er ekki óalgengt að hvataferðaskrifstofur eða verkkaupar erlendis gera kröfur á innlend hvataferða og viðburðafyrirtæki með tryggingar, og þá umfram það sem við vitnum þegar við framvísum til þeirra þessum reglum og tryggingum.

Þetta skapar líka annað vandamál fyrir hvataferða og viðburðafyrirtæki sem vert er að benda á. Fari svo að hvataferða og viðburðafyrirtæki fái slík verkefni sem fara mikið yfir skilgreinda tryggingaskildaveltu að þá skapar þetta ákveðið varðandi þá tryggingarupphæð sem á að tryggja árinu seinna. Hér þarf tryggingarupphæðin að miðast við a, b eða c lið 17. greinar og hér er þá komin upp sú staða að viðkomandi hvataferða og viðburðafyrirtæki þarf að tryggja núverandi ár miðað við þessa háu veltu frá árinu áður, jafnvel þótt velta þess árs sé í engu samræmi við árið á undan og því er verið að tryggja eftir á. Þetta köllum við að tryggja eftir á og eins og sjá má, að þá er þetta fyrirkomulag ekki nógu gott, annarsvegar tryggingarlega og hinsvegar fjárhagslega þegar viðkomandi hvataferða og viðburðafyrirtæki þarf að reiða út háar fjárhæðir til að greiða tryggingu á ferð eða viðburð sem er ekki að eiga sér stað.

Þessi tvö vandamál hafa mikið verið rædd á milli forssvarsmanna hvataferða og viðburðafyrirtækja í langan tíma og sem mörgum finnst löngu tími kominn til að setja í betri farveg. Annarsvegar þyngir þetta rekstur okkar vegna krafa um tryggingar sem hafa með veltu síðast árs að gera og hinsvegar tryggir þetta fyrirkomulag ekki viðkomandi ferðir og verkefni sem eru í viðkomandi umfangi.

Okkar tillaga er sú að þegar hvataferða og viðburðafyrirtæki eru með viðburð eða ferð þar sem verð eða velta á viðburðinum fer yfir þá tryggingarupphæð sem er skilgreind skv. 17 . grein hjá viðkomandi hvataferða og viðburðafyrirtækis að þá geti eða öllu heldur eigi viðkomandi fyrirtæki að leggja td. 25%-50% af verði viðburðar inn á sérstakan vörslureikning þar sem fjármunir eru geymdir sem trygging á meðan viðkomandi ferð eða viðburður stendur yfir. Eftir að ferða eða viðburður er lokið, og allir gestir komnir úr landi, að þá er viðkomandi upphæð lögð inn á reikning viðkomandi hvataferða og viðburðafyrirtækis.



Viðburðasmiðja - Ferðasmiðja

Skútuvogi 1b – 104 Reykjavík www.eskimos.is eskimos@eskimos.is s: 414-1515

Vörslureinkingar eru þekktir í fasteignageiranum og tiltölulega einfalt mál að yfirfæra viðkomandi lausn yfir í ferðageirann. Í flestum tilfellum er lengd viðkomandi ferðar eða viðburðar skemur en vika og er innlendum byrgjum greitt eftir viðkomandi hvataferð eða viðburð og því er ekki þörf á þessum peningum fyrir eftir viðburðinn Þessu millifærslum á vörslureikningana er svo haldið til haga og skilist með bókhaldi við afhendingar á ársreikningum á hverju ári en þar kemur fram velta viðkomandi ferðar eða viðburðar sem og færsla á vörslureikninginn.

Þetta fyrirkomulag leysir bæði vandamál sem hér er getið. Annarsvegar er þetta verulega góð trygging fyrir erlendan verkkaupa og viðskiptavini hans á viðkomandi hvataferð eða viðburði vegna þess að peningarnir fyrir hvataferðina eða viðburðinn eru á vörslureikning á meðan verkefnið stendur yfir.

Hinsvegar auðveldar þetta hvataferða og viðburðarfyrirtækjum að vera vel tryggð án mikils aukakostnaðar eða erfiðleika og mun hagstæðari og heilbrigðari tryggingaaðferð á viðburðum og ferðum sem mörg hver eru í dag tryggð eftir á.

Vert er að geta þess að í mörgum tilfellum þegar svona ferðir eða viðburðir eiga sér stað að þá heldur oft verkkaupinn eftir allt að 30% af verði viðburðar sem er svo greitt eftir viðburð. Sumir verkefni eru greidd eftir viðburð og þá aðallega þegar gott samband og viðskiptasaga er að milli verkkaupa og verksala.

Ég legg áherslu á að okkar tillaga verð skoðuð með opinn hug. Ég er tilbúinn hvenær sem er að koma í viðtal eða fylgja þessu máli eftir. Eftir að hafa rætt við kollega mína í hvataferða og viðburðageiranum sem hafa líst yfir stuðningi við viðkomandi tillögu er tiltölulega einfalt mál að senda ykkur þessa tillögu undirritaða af viðkomandi fyrirtækjum sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu

Friðrik Bjarnason

ESKIMOS

Ferða & viðburðasmiðja



Viðburðasmiðja - Ferðasmiðja

Skútuvogi 1b – 104 Reykjavík www.eskimos.is eskimos@eskimos.is s: 414-1515